



Atvinnuveganefnd Alþingis

Bíldudal, hinn 20. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum, nr. 99/154, mál nr. 99.

Sameinað Útgerðarfélag Sperðlahlíðar og Hjallkárseyrar (hér eftir ÚS), vill koma að eftirfarandi athugasemdum og röksemdarfærslum á framfæri vegna málsins. Sérstaklega í ljósi þess hversu mikil ringulreið og upplýsingaóreiða hefur skapast á hinum opinbera ritvelli og öldum ljósvakans þegar hvalveiðar eru ræddar.

Með frumvarpinu er lagt til að gera hvalveiðar óheimilar með öllu með því að fella brott lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, og færa hvali undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Það er vel og fagnar ÚS þeim tillögum. Í stóra samhenginu er rétt að líta til ákveðinna staðreynda sem sjaldan eru ræddar í þessu samhengi.

Friðun hvala á sér lengri sögu en flestir kunna að vera meðvitaðir um. Fyrstu skráðu ákvæðin um friðun hvala má finna í hinum fornnorrænu lagabálkum. Friðunarákvæði í Gulþingslögnum norsku hljómar svo:


*„Nú skal maður veiða hval hvar sem hann má, **utan sildreka í sildfiski**. En ef maður skýtur sildreka í sildfiski, og hnekkir svo guðs gjöf, hann er sekur átta ærtogum og þrettán mörkum silfurs við konung“.*

Menn þess tíma töldu ekki forsvaranlegt að drepa þá hvali sem gegndu þessu mikilvæga hlutverki að reka sild og aðra nytjafiska á upp á landgrunnið og inn á firðina. Brot á ákvæðinu

var talið svo alvarlegt að það réttlætti þunga fjársekt er nam því að greiða þurfti rúm 60 grömm af hreinu silfri til konungs. Merkilegast við þetta friðunarákvæði er þó sú staðreynd að það er meira en 1000 ára gamalt.

Fjöldi þjóða hefur stundað hvalveiðar við Íslandsstrendur, má þar fyrst nefna Baska, svo Breta, Frakka, Hollendinga, Dani og Bandaríkjamenn og svo frændur okkar Norðmenn. Íslendingar sjálfir hafa ekki stundað hvalveiðar hér við land svo nokkru nemi miðað við aðrar þjóðir enda nær áratjöldinn sem Íslendingar hafa stundað atvinnuveiðar á hval ekki 100 árum. Þegar af þeim ástæðum er ekki hægt að tala um hvalveiðar sem hluta af einhverjum menningararfi í ljósi þess að fyrstu eiginlegu atvinnuveiðarnar sem Íslendingar stunduðu sjálfir hófust 1929. Þeim var sjálfhætt þegar síðari heimsstyrjöldin braust út haustið 1939.

Rétt er að benda á veiðar þeirra sem voru hvað afkastamestir hér við land en það voru frændur vorir Norðmenn með sína nýju tækni, sprengiskutul og hraðskreiða gufuknúna hvalbáta. Veiðitímabil Norðmanna stóð frá 1883 til og með 1915 en algjört hvalveiðibann var lagt á vegna gegndarlausrar ofveiði. Svo sá á stofnunum hér við land að Norðmenn þurrjusu miðin milli Íslands og Grænlands fyrst og færðu sig svo austur á firði og héldu iðu sinni áfram þar til 1915. Eftir það fluttu flestir sig til Suður Afríku og héldu veiðunum áfram þaðan og veiddu í suður íshafinu. Til þess að sýna það hrun sem varð hér við land á hvalastofnum sem fæstir hafa náð sér almennilega aftur er verst að skoða þessa mynd hér. Þetta er línurit sem höfundur vann upp úr gömul veiðitölum fyrir rannsóknarteymi Whale Wise, en það er alþjóðlegt rannsóknarteymi við háskólann í Edinborg og rannsakar hvali m.a. hér við land.



¹ Hagskinna.is sótt af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Sogulegar/Sogulegar__sogul_sjavarutvegur/SOG16010.px

Línuritið sýnir veidda hvali á hverju ári á tímabilinu 1883-1915 og svo aukningu í flotanum sem var látinn sækja mjög hart upp úr 1902 en þá fyrst kom ár þar sem veiðin varð minni en árið áður, þrátt fyrir aukinn fjölda veiðibáta.² Ljóst er að gengið var mjög nærri stofnum hvala hér við land á þessu tímabili þegar norsku veiðarnar áttu sér stað. Stofnar eins og steypireyður og sléttbakur og reyndar fleiri stofnar hafa ekki náð sér enn rúmum 100 árum síðar. Það er gott dæmi um hversu viðkvæmir hvalastofnarnir eru þótt þeir eigi að heita geta talist í góðu ásigkomulagi. Ekki má gleyma að hvalveiðar þessa tíma snérust fyrst og síðast um að vinna olíu úr hvalaafurðum. Þeir voru olíu uppsprettan fyrir á tímum og fengu að gjalda fyrir það.

Nóg af sögulegri yfirferð og nú ber að líta á hvort hvalveiðar borgi sig yfir höfuð þegar horft er á stóra samhengið. Fjöldi röksemda er gegn veiðum á hval almennt. Fyrst ber að nefna að hvalveiðar er ekki hægt að stunda svo lög um velferð dýra séu uppfyllt. Vísast til skýrslu MAST frá því fyrr á þessu ári þar um og svo tímabundins banns MAST á veiðum Hvals 8 nú í síðasta mánuði vegna sömu atriða. Niðurstaðan er sú að fjöldi dýra var ekki aflífaður á mannúðlegan hátt eða um fjórðungur þeirra (24%). Það mun ekkert breytast þótt settar verði nýjar og nýjar reglugerðir og skilyrði hert. Niðurstaðan verður alltaf sú sama, óásættanlegur fjöldi dýra mun ekki verða aflífaður á mannúðlegan hátt og því boðið að lög um velferð dýra verði áfram brotin. Af þeim ástæðum og fleiri ber að hætta hvalveiðum enda eiga þær sér ekki framtíð í alþjóðasamfélaginu og langflest stór ríki hætt þeim fyrir áratugum síðan. Þá er meirihluti almennings hér á landi á móti hvalveiðum af fjölda mörgum ástæðum, m.a. vegna fyrrnefnds sjónarmiðs um velferð dýra en einnig vegna þess að hvalveiðar hafa ekkert með menningararf þjóðarinnar að gera, þær geta skaðað viðskiptasambönd Íslands við önnur lönd og síðast en ekki síst, þá gegna hvalir mjög mikilvægu vistfræðilegu hlutverki í höfunum.

Vegna hlutverks hvala í sjónum og vistkerfinu ætti Ísland í rauninni að vera leiðandi í friðun hvala þegar kemur að því að vernda hafsvæði og tryggja eðlilega vernd þeirra dýra sem gegna mjög mikilvægu hlutverki í vistkerfinu. Verður það rakið nánar hér á eftir.

Lengi var haldið fram að það væri bráðnauðsynlegt að veiða hval sökum þess að menn væru í kappi við hann um fisk, ef fiskurinn yrði ekki veiddur þá myndi hvalurinn éta hann. Þetta er enn í dag furðulega lífseig mýta. Rannsóknir á hvölum, fiskistofnum og meintu afráni hvala hafa nú sýnt fram á að það sem hvalirnir éta er óverulegt miðað við það að þeir stuðla beinlínis að framleiðslu grænþörunga (e. phytoplankton) í höfunum en grænþörungar eru undirstaða alls lífs í höfunum. Af þeim ástæðum eru hvalir mjög mikilvægir.


Lengi vel var því haldið fram af vísindamönnum að Amazon regnskógarnir séu um nánast alla kolefnisbindingu og súrefnisframleiðslu á jörðinni. Fyrir um 30 árum fóru vísindamenn að setja fram hugmyndir um hvort höfin gætu gegnt þessu hlutverki líka. Í dag er viðurkennt af vísindasamfélaginu að heimshöfin binda allt að 2/3 alls kolefnis á jörðinni og til þess að

² Hagskinna.is

þau geti það þá þarf lífkeðja þeirra að vera heilbrigð og sterk. Hvalir stuðla að framleiðslu á súrefni í vistkerfi sjávar og kolefnisbindingu.^{3 4 5}

Frumvarpið leggur til bann við hvalveiðum. Hafið í kringum Ísland er ástæðan fyrir hagsæld og velsæld þjóðarinnar. Því ber að vernda hafið og nýta það skynsamlega. Hluti af slíkri vernd sem stuðla myndi að heilbrigði hafsins er bann við hvalveiðum vegna þeirra þátta og ástæðna sem raktar hafa verið hér að ofan. Að lokum eru hvalir háþróuð dýr sem eigið tungumál og atferli sem er hvort tveggja misjafnt eftir því hvar hvalirnir halda til. Ísland á að vera leiðandi fyrirmynd í verndun hafsins og því fagna ég frumvarpi þessu og vona að það verði að lögum sem fyrst.

Virðingarfyllt,



Ívar Örn Hauksson, lögfræðingur

³ <https://doi.org/10.1890/130220>

⁴

https://www.researchgate.net/publication/366348926_Whales_in_the_carbon_cycle_can_recovery_remove_carbon_dioxide

⁵

<https://forskning.no/dyreverden-havet-ntb/de-storste-hvalene-spiser-mye-mer-enn-antatt/1935533?fbclid=IwAR1FA56TosTJuU-WtiKHi5F55oL1B7x47nJklkWW1I4Pf6STVsIfM8G9kmA>